

Innviðaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is



Reykjavík, 29. september 2022

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um smíði, hönnun og búnað skipa með mestu lengd allt að 15 metrum

Hinn 7. júní 2022 birti innanríkisráðuneytið drög að reglugerð um smíði, hönnun og búnað skipa með mestu lengd allt að 15 metrum á samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða endurskoðun á reglugerð nr. 592/1994 með sama heiti. Reglurnar byggja á Norðurlandareglum um sama efni. Þær voru gerðar í samvinnu á milli siglingamálayfirvalda á norðurlöndunum, flokkunarfélagsins DNV í Noregi og Iðntæknistofnunarinnar í Finnlandi.

Samtökin vilja nota tækifærið og þakka fyrir þann aukna frest sem heimilaður var til að skila inn umsögnum. Reglugerðardrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtök ferðabjónustunnar og vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Aukinn samvinna við hagaðila mun skila sér í sanngjörnum og betri reglum

Að gefnu tilefni telja SAF rétt að rifja upp að drög að sambærilegri reglugerð um farþegabáta voru send til umsagnar árin 2018 og 2019 en árið 2018 gerðu samtökin alvarlegar athugasemdir við skort á samráði. Að nokkru hefur verið tekið tillit til ábendinga sem samtökin komu á framfæri á fyrri stigum en þó telja samtökin að viðhafa hefði mátt meira samráð um efnisatriði þeirrar reglugerðar sem hér liggur fyrir.

Eins og fram kom í umsögn SAF haustið 2018 telja samtökin mikilvægt að við undirbúning setningar laga eða stjórnvaldsfyrirmæla eigi sér stað virkt samtal og samráð við þá sem fyrirmæli munu beinast að. Sé það gert er unnt að tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi og eðli hennar liggi fyrir og þar með auka líkur á að þær leiðir sem valdar eru til að ná tilteknum markmiðum verði ekki óhóflegar eða úr samræmi við tilefnið. Einungis undir slíkum kringumstæðum er hægt að tryggja skilning og sátt sem stuðlar að því að hægt verði að vinna á skilvirkan hátt að viðeigandi markmiðum. Að sama skapi þjónar slíkt samtal þeim tilgangi að upplýsa hagsmunaaðila í tíma um þær breytingar sem kunna að vera í farvatninu og gera þeim þannig unnt sér að takast á við breyttar aðstæður í starfseminni. Að mati SAF ætti þetta sjónarmið að vega sérstaklega þungt í tilviki ferðabjónustu þar sem skipulagning, markaðssetning og sala á ferðabjónustu á sér jafnan stað með löngum fyrirvara.

Öryggi og undanþágur

Þegar kemur að því að setja reglur og kröfur á farþegabáta í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum þá telja samtökin að það sé mikilvægt að stjórnvöld sníði reglur og undanþágur frá þeim reglum í samræmi við þær ferðir sem verið er að fara í. Stjórnvöld eiga að láta öryggisstjórnunarkerfi útgerða ráða för þegar kemur að útbúnaði og mönnun á slíkum bátum. Allar undanþágur og undanþáguskírteini á að túlka útgerðum í vil ef öryggisstjórnunarkerfi útgerða séu í lagi. Við túlkun á undanþáguskírteinum á líta til sér íslenskra aðstæðna og starfsemi sem bátarnir eru nýttir.

Í þessu samhengi leggja samtökin til að stofnaður verði vettvangur sem taki álitamál sem tengjast útgerðum farþegaskipa í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum til skoðunar. Slíkur vettvangur gæti samanstaðið af þremur aðilum skipuðum af fagráði siglinga og tveimur skipuðum af Samtökum ferðaþjónustunnar.

Hvað varðar einstaka efnisgreinar fyrirbyggjandi reglugerðardraga vilja samtökin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um 1. gr.

Samtökin leggja áherslu á að háraðafarþegabátar séru skilgreindir sérstaklega. Í viðauka VI sem fylgir reglugerðinni er fjallað um slík för. Í 5. gr. viðaukans er fjallað um sæti í háhraðabátum. Reglurnar sem þar eru eru á margan hátt óskýrar og of matskenndar. Líkur eru á að það geti valdið ágreiningi ef reglur um sætisbúnað eru ekki settar með skýrari meira afgerandi hætti. Lagt er til að kaflinn verði endurskoðaður m.t.t. þessa.

Samtökin fara fram á að eiga fund með samgönguráðuneyti um efni fyrirbyggjandi umsagnar og útfærslu umræddrar reglugerðar.

Samtökin áskilja sér rétt að koma frekari ábendingum á framfæri á síðari stigum ef tilefni gefst til.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri